

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Átöð.dags.	20.08.19
Málalýkili	8.31
Mál nr.	1908245

Bæjarráð Garðabæjar, Ráðhúsi Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík 19. ágúst 2019

Notkun á metani

SORPA bs. hefur um áratuga skeið framleitt umhverfisvæna ökutækjaeldsneytið metan sem unnið er úr urðunarstað íbúa höfuðborgarsvæðisins á Álfsnesi á Kjalarnesi. SORPA og sveitarfélögin hafa undanfarin ár markvisst stefnt að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi og mun vinna metan og jarðvegsbæti úr lífrænum heimilisúrgangi. Verksmiðjan hefur starfsemi í febrúar á næsta ári og má búast við að verksmiðjan verði komin í full afköst um mitt ár 2020.


Með tilkomu G&J mun framleiðsla á metani tvöfaldast og verður hægt að sinna á bilinu 6 – 8.000 ökutækjum. Í því sambandi er rétt að benda á að metan, framleitt af SORPU er eina vistvæna og svansottaða ökutækjaeldsneytið á Íslandi.

Metan, framleitt úr lífrænum úrgangi sem einnig er nýttur til framleiðslu jarðvegsbætis er eitt besta baráttutækið gegn loftslagsbreytingum sem völ er á. Metanið er hægt að nýta á ökutæki í stað innflutts jarðefnaeldsneytis og jarðvegsbætirinn er hægt að nýta til uppgræðslu og jafnvel til áburðargjafar í stað innflutts tilbúins áburðar. Þannig er dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum um leið og jarðvegseyðing er hindruð og binding kolefnis í gróðri tryggð. Fá, ef nokkur önnur tækifæri eru betri fyrir sveitarfélög til að berjast gegn þeirri ógn sem stafar af loftslagsbreytingum en að nýta metan og jarðvegsbæti úr gas- og jarðgerðarstöð SORPU.

Reykjavíkurborg hefur til áratugar nýtt metan á alla sorpbíla, auk s.k. flokkabíla. Einnig hefur starfsfólk heimahjúkrunar í Reykjavík verið á metanknúnum ökutækjum. Á Akureyri eru þrír nýir strætisvagnar sem nýta metan, ferðapjónusta fatlaðra á Akureyri nýtir metan í öllum sínum akstri og bifreiðar á vegum bæjarfélagsins einnig. Erlendis er afar algengt að metan sé nýtt í almenningssamgöngum (má þar nefna borgir sem Osló, Malmö, Lund, Linköping, Lille, Stokkhólm, Madrid o.fl.).

SORPA vill með bréfi þessu vekja athygli á þessu eina vottaða vistvæna eldsneyti á Íslandi og jafnframt kalla eftir svörum um hvort sveitarfélagið hyggst nýta þetta eldsneyti í eigin starfsemi, í almenningssamgöngum eða til annarra nota. Óskað er eftir að sveitarfélagið taki formlega afstöðu til málsins hið allra fyrsta og komi niðurstöðunni á framfæri við SORPU bs.

f.h. SORPU bs.


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri